

Nd.

232. Frumvarp til laga

um heimild til lántöku fyrir rikissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa rikissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum rikissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða, að allt lánið eða einhver hluti þess skuli undanþeginn eignar- og tekjuskatti, enda greiðist þá eigi hærri vextir en 3%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um næstu áramót verða skuldir rikisins erlendis, þær er rikissjóður verður að bera, um 21.6 millj. króna. Af þeirri fjárhæð er 9.4 millj. í dönskum krónum og 12.2 millj. í sterlingspundum.

Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að greiða beri öll erlend lán rikissjóðs svo fljótt sem kostur er og rétt sé að taka til þess innlent lán að svo miklu leyti sem tekjuafgangur rikissjóðs hrekkur ekki til.

Brekk lán eru tvö, frá 1921 (breytt 1934) hjá Helbert Wagg & Co. og frá 1935 hjá Hambros Bank. Fyrra lánið má greiða að fullu á næsta ári og verður þá að eftirstöðvum 3.3 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur þegar tilkynnt, að greiðsluheimildin verði notuð. Hitt lánið má greiða á árinu 1945 og verður þá að eftirstöðvum 8.3 millj. kr. Hér eru aðeins taldar þær fjárhæðir, sem rikissjóður stendur straum af.

Um það verður ekki sagt að svo stöddu, hvenær hægt verður að greiða dönsku lánin, og verða því ekki gerðar neinar ráðstafanir í því efni, eins og sakir standa.

Ríkisstjórnin telur sjálfsagt, að bæði brekku lánin verði greidd að fullu, strax og leyft er, og í því skyni er óskað heimildar til að bjóða út innanríkislán.

Um heimildina til að undanþiggja allt lánið eða nokkurn hluta þess eignar- og tekjuskatti skal það tekið fram, að hér er átt við, að ekki verði eignarskattur tekinn af því fé, sem fyrir bréfin er greitt, og vextirnir séu undanþegnir tekjuskatti. Sé þessi leið farin, verður að teljast eðlilegt, að talsvert lægri vextir verði greiddir af láninu en venjulegt er.